

156. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME fimmtudaginn 16. september 2021 kl. 17

Úr skólanefnd voru mætt á staðinn Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson en Halldór Warén og Sigrún Birna Björnsdóttir voru á Teams. Mættir voru áheyrnarfulltrúarnir Fjóla Orradóttir f.h. foreldra, Elisabeth Anna Gunnarsdóttir f.h. nemenda og Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar staðfest
2. Formaður kjörinn til eins árs
3. Gangurinn í starfinu -upphaf haustannar
4. Fjármál og horfur í nemendamálum haustannar.
5. Starfsmannamál haustannar
6. Önnur mál.

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar staðfest

Fundargerð 155. fundar var undirrituð og þar með endanlega staðfest.

2. Formaður kjörinn til eins árs

Skúli Björn Gunnarsson gefur kost á sér til formennsku næsta árið. Það er samþykkt samhljóða.

3. Gangurinn í starfinu – upphaf haustannar

Skólameistari sagði frá starfi síðustu vikna. Nýnemar komu inn í skólann á miðvikudegi þann 18. ágúst. Þá lærðu þeir á námsvefinn og menntaskýið og kynntu sér skólann. Það gekk vel að koma nýnemunum af stað. Skólastarf byrjaði svo daginn eftir samkvæmt stundaskrá. 175 nemendur byrjuðu í dagskóla, þeir eru nú 172. Nýnemar fóru í gönguferð í Stapavík í einmuna veðurblíðu. Nýnemamóttaka var haldin í Selskógi á fimmtudagskvöldi. Fundarfólk ræðir að örfáir aðilar hafi gert móttökuna að sinni athöfn og að ekki gangi að slíkum einstaklingum sé gefið tækifæri fyrir niðurlægingu og slæma hegðun gagnvart nemendum. Það er ekki í anda skólans sem vill taka vel á móti fólk og gengur gegn þeim gildum sem skólinn hefur að leiðarljósi. Skólanefnd sammála skólastjóra um að þetta form nýnemamóttöku sé fullreynnt og endurskoða þurfi fyrirkomulagið þannig að það sé uppbyggjandi fyrir nýnema en ekki niðurlægjandi.

Fyrri haustspönn er hálfnuð. Miðspannarmati er lokið. Virðingarvika hófst í dag með fyrirlestri um sjálfbærni og vakningu um umhverfismál. Skólinn hefur náð 4. græna skrefinu af 5. Reiðhjólaskýli verður vígt á morgun. Starfsmönnum hefur verið boðið að skrifa undir samgöngusamning þar sem þeir fá umbun fyrir að koma í skólann á vistvænan hátt. Nemendur fá einnig kost á samningi um að koma á vistvænan máta til og frá skóla. Fleira fylgir umhverfisvikunni, t.d. fataskiptimarkaður.

Nemendur voru með pub-kviss í gærkvöld þar sem frambjóðendur mættu og kynntu sig. Það var vel heppnað kvöld að sögn Elisabethar.

4. Fjármál og horfur í nemendamálum haustannar

Skólinn endaði í um 11 milljóna tapi í lok árs 2020. Stofnanasamningur var endurskoðaður og fjarnemasamningur einnig. Nýr fjarnemasamningur mun kosta skólann minna og er ME einn fárra skóla sem hefur náð að endurnýja slíkan samning. Ákveðið vandamál er að skólar fá eingöngu 70% greiðslur fyrir þá

fjarnema sem eiga annan skóla sem aðalskóla. Að mati skólastjóra eru líkur á að nýir samningar leiði til jákvæðrar rekstrarniðurstöðu þetta almanaksár.

5. Starfsmannamál haustannar


Elín Ása Heiðarsdóttir hefur verið ráðin í 50% starf í kennslu í grunnáfanga í stærðfræði. Hún er í réttindanámi. Efnafræðikennslan verður leyst af Ingileifu Kristjánssdóttur í FAS en Eyrún Arnardóttir er í fæðingarorlofi. Soffía Björg Sveinsdóttir var ráðin íslenskukennari í 50% starf. Ekki tókst að ráða jarðfræði- og eðlisfræðikennara en Helgi Ómar tók að sér að kenna eðlisfræðiáfanga í fjarnámi. Fenginn var leiðbeinandi í jarðfræðikennslu, Margrét Gísladóttir sem starfar hjá NAUST. Heiðdís Halla Bjarnadóttir hefur verið ráðin í afleysingu fyrir Bylgju Lind Pétursdóttur sem er í fæðingarorlofi. Auk þess var auglýst eftir félagsgreinakennara í 50%-75% starf. Þar voru ráðnar Marta Kristín Sverrisdóttir og Sandra Rut Skúladóttir í 50% starf hvor en þau störf eru nú orðin 100% vegna veikindaleyfis starfsmanns. Skólameistari sýnir skjal sem Félag framhaldsskólakennara sendir í skólanum og gefur yfirlit um hvar skólinn stendur starfsmannalega miðað við aðra, m.a. í launum, og hver þróunin hefur verið síðustu ár. ME skorar t.d. hátt í grunnlaunum sem er jákvætt.

6. Önnur mál


- Sagt er frá að ytra mat á skólanum sé hafið. Kallaður var saman hópur sem tók saman mat yfir starfið eftir skema sem sent var í skólann. Hópurinn var samansettur af tveimur nemendum, tveimur kennurum, einum öðrum starfsmanni, formanni skólanefndar, einu foreldri og einum stjórnanda. Matið og fundargerð verður sent til þeirra sem annast ytra matið. Fulltrúar frá ráðuneytinu munu síðan koma í skólann í haust og framkvæmda matið.
- Skólameistari segir frá að hugur standi til að eiga betra samtal við Múlaping og stofnanir og fyrirtæki á svæðinu, m.a. til að skoða hvaða nýjar námsleiðir sé grundvöllur fyrir að bjóða upp á.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.05

Skúli Björn Gunnarsson




Anna Björk Guðjónsdóttir



Halldór Warén



Sigrún Birna Björnsdóttir



Stefán Bogi Sveinsson

